

**Æskulýðsstarf  
Hestamannafélagsins  
Þyts**



**Starfsskýrsla 2008-2009**

## Æskulýðsnefnd

Í æskulýðsnefnd Þyts árið 2008-2009 voru

Aðalheiður Sveina Einarsdóttir formaður  
Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir  
Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir,

## Uppskeruhátíð

Þann 31. október 2008 var haldin uppskeruhátíð barna og unglunga, um það bil 80 manns mættu og var gaman að sjá hvað foreldrar og aðstandendur styðja vel við börnin og unglunga sína. Veittar voru viðurkenningar til barna og unglunga fyrir samstarfið á árinu sem er búið að vera frábært í alla staði. Einnig fengu börnin og unglungarnir smá gjöf frá æskulýðsnefndinni sem þakklætisvott fyrir frábært ár. Knapar ársins í barna og unglungaflokki fengu viðurkenningar. Að þessu sinni var uppskeruhátíðin með aðeins öðru sniði þar sem æskulýðsnefndinni var afhentur Æskulýðsbikar Landssamband Hestamanna, og er það mikil heiður fyrir ekki stærra félag að fá þessa viðurkenningu. Snæddar voru veitingar og einnig var pöntuð heljar ísterta í tilefni æskulýðsbirkarins og svo voru málin rædd. Mikil gleði ríkt meðal fólks og barna eins og árið hafði einkennst af.

Við í æskulýðsnefnd Þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur og hlökkum til næsta árs. Þá mun reiðhöllin okkar vera komin í notkun og verður þá allt mun auðveldara heldur en verið hefur. Þetta starf gerir svo margt fyrir mann og ekkert er eins gaman eins og að gleðja börnin.

## Prettándagleði

Prettándagleðin var haldin 6 janúar. Hópreið var farin með álfakóng og drottningu í fararbroddi, ásamt hirðmeyjum, Grýlu, Leppalúða og jólasveinum. Allt voru þetta krakkar sem eru í æskulýðsstarfi félagsins sem tóku þessi hlutverk að sér og komu með hugmyndir um klæðnað og fleirra sem þau gætu gert, s.s að gefa mandarínur því það gerðu jú jólasveinar svo oft og fannst þeim það allveg nauðsynlegt.

Að venju var riðið í gegnum staðinn, með viðkomu við sjúkrahúsið til að syngja fyrir fólkið þar ásamt örlitlu stoppi hjá dvalarheimili aldraðara og þaðan upp að félagssvæði okkar í Kirkjuhvammi. Á eftir fylgdi fjöldi fólks gangandi með kyndla og létu ekki leiðinda veður stoppa sig frekar en Grýla, Leppalúði og jólasveinarnir sem skemmtu fólkinu alla leið. Þegar á félagssvæði var komið var farið í nýju höllina þar sem mætti okkur vöfllu og kakó ilmur, þar var farið í leiki, og öllum leyft að fara á hestbak, og sóknarpresturinn Sr, Sigurður Gretar stjórnaði söng.





Einnig tilnefndi Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga íþróttamann ársins 2008 þar og veitti viðurkenningu, voru allir sammála um það að þessi dagur hefði heppnast mjög vel og krakkarnir stóðu sig eins og hetjur sem kom okkur ekki á óvart. Mikill fjöldi kom og var með okkur þessa stund og nutu félagskaparins saman sem og nýju hallarinnar sem er ekki tilbúin.

### Fundir

27.janúar var svo haldin fundur um vetrarstarfið. Á fundinn var mjög góð mæting og lofaði fundurinn góðu fyrir komandi vetur. Upp komu margar tillögur að alls konar verkefnum, skemmtunum og fleira. Eftir fundinn var svo unnið úr því sem fram kom og gerð dagskrá fyrir vetrarstarfið, sem sett var beint inn á heimasíðu félagsins <http://www.123.is/thytur>.

Í febrúar höfðu æskulýðsnefndarfulltrúar hjá Léttfeta á Sauðárkróki samband við okkur um hvort við á Norðurlandi vestra ættum ekki að halda Grunnskólamót. Fundur var svo haldinn á Blönduósi þar sem æskulýðsfulltrúar frá Léttfeta, Neista, Þyt, Svaða og Stíganda komum saman og ákveðið var að halda þrjú mót þar sem keppt væri fyrir hvern Grunnskóla á Norðurlandi vestra er þeir eru sjö en æskulýðsnefndarinar sáu alfarið um þessi mót, þessi hugmynd var vel þegin í viðbót við annað starf og frábært hjá þeim Léttfetismönnum að koma með þessa hugmynd. Fjöllum við nánar um þessi mót undir liðnum mót.

Haldnir voru líka fundir fyrir undirbúning á sýningu sem við héldum hér heima og um að fara á Æskuna og hestinn á Akureyri. Foreldrar mættu mjög vel á fundi með börnum sínum og hafa stutt þau mjög vel í þessu starfi.

### Reiðþjálfun.

Mikill áhugi var fyrir reiðþjálfun þar sem við erum komin með Reiðhöll á Hvammstanga sem er að vísu ekki full búinn en hægt var að fara að taka í notkun fyrir reiðþjálfun ofl. Ráðinn var reiðkennarinn Þórir Ísólfsson, og sá hann um alla reiðþjálfunina hjá okkur í vetur fyrir börn/unglinga á aldrinum 6-16 ára. Alls tóku um 40 börn þátt í reiðþjálfunin sem stóð yfir í tíu vikur og fékk hvert barn einn tíma í viku, er þetta mikil breyting fyrir okkur að geta sinnt þessari reiðþjálfun svo vel og hefur hún skilað sér vel til barna og unglunga í keppnum, sýningum og annari reiðmennsku.



Einnig voru við með tíma fyrir börn á aldrinum 2- 6 ára (leikskólahóp) sem voru annan hver laugardagsmorgun alls 4 skipti og sá æskulýðsnefnd um þá tíma, þar sem foreldrar komu með hest og teymdu undir sínu barni. Voru þetta mjög vel sóttir tímar eða um 18 börn sem voru með okkur og var farið í hinar ýmsar þrautir teymt var með þau kringum keilur, æft jafnvægið þau látin teyma hestinn ofl.

Herdís Einarsdóttir tók svo að sér að undirbúa og leiðbeina þeim börnum og unglingum sem fóru á Fjórðungsmót á Kaldármelum, aldrei er of oft farið yfir hin ýmsu atrið hvað varðar keppni fyrir knapa sem sumir hverjir voru að stíga sín fyrstu skref á stórmóti.

Einnig höfum við verið í sambandi við skólastjóra grunnskólans um að taka upp knapamerkja kerfið sem valgrein í skólanum en ekki gekk það í þetta sinn, en krakkar í eldri bekkjum skólans voru samt sem áður með hestamennsku sem valgrein og fóru þessir tímar fram í Reiðhöllinni, og er það góð viðbót við reiðþjálfuna.

Margir þurftu að fara langa veg með hest og barn til að komast í reiðþjálfun ( ca. 40 km.) og erum við vikilega stolt hvað foreldrar styðja vel við börnin sín í þessu starfi.

Breyting á aðstöðu með tilkomu Reiðhallarinar er algjör bylting fyrir starf sem þetta, geta byrjað fyrir með alla starfsemi og haft hana markvissa.



**Grímuglens** var haldið hjá okkur þann 28. febrúar, komu þá börnin, unglingar og foreldrar í grímubúningum og fóru í þrautaleiki á hestum, grilluðum við og höfðum gaman saman.

### Grunnskólamótin

1 – 3 bekkur keppti í fegurðarreið og smala.

4 – 7 bekkur keppti í Þrígang, tölti og smala.

8 – 10 bekkur keppti í fjörgangi, tölti, smala og skeið.

Hvert barn mátti aðeins taka þátt í 1 greinum nema 8-10 bekkur mátti taka skeiðið líka.

Fyrir tölt, fjörgang, þrígang, og fegurðarreið gilda reglur frá Lh. um íþróttakeppni.

Fyrir skeið gildir besti tími, og fyrir smalabraut gildir besti tími og refsistig

Þetta vakti mikla lukku og var vel sótt af börnum, foreldrum og öðrum áhorfendum, fyrsta mótið var haldið á Sauðárkróki og næstu tvö á Blönduósi, þar sem höllin okkar er ekki búin undir keppni af þessu tagi ennþá. Grunnskólarnir sem tóku þátt voru: Grunnskóli Húnaþings Vestra, Húnavallaskóli, Grunnskólinn á Blönduósi, Grunnskóli Siglufjarðar, Grunnskóli Austan Vatna, Varmahlíðarskóli, og Árskóli.

Börnin voru mjög ánægð að taka þátt í þessu. Þetta mót var meðal annars hugsað til að leyfa krökkunum að kynnast og hafa gaman af og vonum við að þetta mót sé komið til að vera.

Á síðasta mótinu var grillað og veittur veglegur bikar sem Varmahlíðarskóli hlaut.

Einnig tóku börnin og unglingarnir þátt í félagsmótum sem voru 5 þetta árið, eins áttum við þátttakendur á Fjórðungsmótinu á Kaldármelum, Unglingalandsmótið á Sauðárkróki, og Íslandsmót unglunga. Við erum mjög ánægð með hvað gekk vel hjá okkar keppendum á þeim mótum sem þau fóru á. Firmakeppni er haldin ár hvert á 17 júní og eru krakkarnir mjög dugleg að mæta og keppa þar.





## Sýningar

8. apríl var haldin Æskulýðssýning hér í Hvammstangahöllinni. Þar sem fjöldinn af börnum var orðinn mikill gátum við haft stóra sýningu. Hverju barni var fundið hlutverk og síðan voru sett saman atriði svo allir voru með. Gátum við haft 9 atriði og börnin voru á aldrinum 2 ára til 17 ára, og voru það um 55 krakkar sem komu að sýningunni frá okkur. Buðu við Neista krökkunum að koma til okkar og mættu 11 krakkar þaðan, með tvö atriði. Alls voru þetta um 66 börn og unglingar sem tóku þátt í þessari sýningu með 11 atriði. Enn á ný sameinuðu foreldrar og ömmur krafta sína í að hanna og sauma búninga, krakkarnir voru mjög samviskusöm og dugleg að æfa.

Sýninginn hófst með fánareid, og svo komu ungviðinn okkar með sitt atriði sem var unun á að horfa, þau svo glöð, ánægð og örugg á sínum hestum.

Gamli tíminn var tekin fyrir þar sýndum við meðal annars smaladrengr sem komu ríðandi með foreldrum sínum, söðulreið, klifberahest með heybagga og trússhest, þetta var lifandi sögusvið frá tímum þar sem hesturinn var notaður við hina ýmsu vinnu og til skemmtunar. Búningar voru frá þessum tíma og munir voru fengnir að láni hjá Byggðasafninu. Í þessu atriði var gaman að börnin kynntust hvernig hesturinn var notaður til vinnu og hvernig ríðið var í söðli og fannst þeim mjög gaman að því.

Næst inn voru Hnáturnar flottu en þær ríðu munstureið undir músík frá Grease, þetta eru duglegar stelpur á aldrinum 7 til 11 ára. Kúrekarnir er átta frábærir strákar á aldrinum 8 til 14 ára og ríðu flotta og vel útfærða munstursreið með tilheyrandi kúreka lagi.

Einnig sást til Tvær út tungunum en þær drifu sig til borgarinnar með mjög skemmtilegt atriði sem tvær stelpur gerðu alveg sjálfar.

Á eftir þeim komu Senjorítturnar fínu sem eru flínkar stelpur á aldrinum 10 til 16 ára og ríðu tignalega og erfiða reið undir hraðri músík. Svo kom röðin að elstu krökkunum og kölluðu þau sig Facebook en það voru átta hressir unglingar á aldrinum 13 til 16 ára og fóru geyst um svæðið í hraðri og flókinni munstursreið, með músík sem þau völdu. Það var mjög gaman í lok sýningar þegar þau komu öll inn saman tvö og tvö undir Abba lagi og sýndu munstursreið sem var allveg óæfð og spunnu á staðnum og fannst þeim þetta mjög gaman.

Að sýningu lokinni voru öllum börnum og unglingum gefin páskaegg. Mikil aðsókn var á þessa sýningu og var fólk mjög hrifið að því hvað börnin voru að gera og hvað þau voru duglega því svona sýningar reyna mikið á samvinnu hests og knapa og samvinnu allra barnanna hvort við annað. Við hlutum styrk frá Menningarsjóði Norðurlands Vestra fyrir þessa sýningu.





Sýningin Æskan og hesturinn var haldin á Akureyri þann 2 maí, þangað var farið degi fyrir og gerðum við okkur glaðan dag og höfðum eina æfing á öllu atriðunum okkar. Við fengum leigt félagsheimili Léttis, Skeifuna þar sem við höfðum aðstöðu og þar vorum við með sameiginlegt hlaðborð af kræsingum þar sem foreldra höfðu bakað og einnig höfðu við pitsuveislu, krakkarnir nutu sín vel að vera svona saman og voru mjög samhent. Við fórum með 32 hesta á Akureyri og reyndum að samnýta þá í atriði en um 46 börn og unglingar tóku þátt. Farið var með 4 atriði þau sömu sem hér var lýst í sýningunni á undan en tvö atriði voru sameinuð og voru 16 krakkar saman í því og kom það mjög skemmtileg út en það voru kúrekarnir og senjoríturarnar. Var þetta hin skemmtilegasta ferða á Akureyri og vel að þessari sýningu staðið hjá þeim Léttismönnum að taka á móti öllum þessum hestum og Reiðhöllinni þeirra er mjög glæsileg.

Breytingar voru í æskulýðsnefnd Þyts nú í maí nýr formaður tók við Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir en Aðalheiður Sveina Einarsdóttir sem verið hefur formaður hætti og svo einnig var fjölgað í nefndinni en í nefndin eru:

Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, formaður  
Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir  
Sigríður Alda Björnsdóttir  
Þórarinn Óli Rafnsson  
Sigrún Eva Þórisdóttir.

Við í æskulýðsnefnd Þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur, foreldrar hafa verið mjög duglegir að fylgja börnum sínum eftir og aðstoða okkur því annars gengi þetta ekki og margir eiga um langan veg að fara en ekkert hefur stöðvað okkur og samstaðan hefur verið til fyrirmyndar og hlökkum við til næsta árs. Reiðhöllin hefur heldur betur sannað sig í þessu starfi hvað hægt er að skipuleggja allt starfið betur og hafa markvissa reiðþjálfun og allt annað sem svona aðstaða býður upp á. Þetta starf gerir svo margt fyrir mann og ekkert er eins gaman eins og að gleðja börnin, þau kunna að meta það sem gert er fyrir þau. Aðalmarkmið okkar er að hafa gaman saman.

Æskulýðsnefnd Þyts